



Sýning á ljósmyndum  
**Svavars Berg Magnússonar**

**90 ár**  
frá upphafi útgerðar  
**Magnúsar Gamalielssonar**

Útgefandi sýningarskrár: **RAMMI hf.**

Ritstjóri: **Atli Rúnar Halldórsson**

Hönnun og umbrot: **Effekt hönnunarhús / Þórhallur Kristjánsson**

Prentun: **Oddi**

Júlí 2018

**Kápu mynd:**

Magnús Gamalielsson við Ólafsfjarðarhöfn þegar skip hans, Sigurbjörg ÓF-1, kom heim 19. maí 1979.

Sýning á ljósmyndum  
**Svavars Berg Magnússonar**

**90 ár**  
frá upphafi útgerðar  
**Magnúsar Gamalielssonar**

Pálshús í Ólafsfirði 2018

**Sýningarskrá á síðu 20**  
Textinn á við mynd með sama númer

# Útgerðarsagan hófst með kaupum á Barða EA

Allar sögur eiga sér upphaf. Útgerðarsaga Magnúsar Gamalielssonar, útgerðarmanns í Ólafsfirði, hófst fyrir 90 árum þegar hann keypti átta tonna bát, Barða EA-371, í félagi við Gunnar Guðlaugsson og hóf útgerð á eigin vegum vorið 1928.

Þetta var einn margra vaxtarsprotu sem uxu og sameinuðust síðar í smáum og stórum skrefum og mynduðu sjávarútvegsfyrirtækið Ramma hf. með útgerð frá Fjallabyggð og Þorlákshöfn og vinnslu sjávarafurða á báðum stöðum.

Útgerðarsproti Magnúsar Gamalielssonar er sá elsti í flórinni og við hann miðum við sögulegt upphaf Ramma. Aðrar rætur Ramma má meðal annars rekja til Sæbergs hf., Sigvalda Þorleifssonar hf. og Árness hf.

Ákveðið var fyrir nokkru að minnast á einhvern hátt tímamótanna núna á árinu 2018 og heiðra um leið minningu eins helsta forgöngumanns sjávarútvegs í Ólafsfirði, Magnúsar Gamalielssonar, og

Guðfinnu Pálsdóttur, eiginkonu hans. Sú hugmynd kviknaði að stuðla að sýningu á ljósmyndum Svavar Berg Magnússonar af þessu tilefni. Þegar málið var kannað betur þurfti ekki að ræða það frekar heldur hrinda hugmyndinni í framkvæmd. Þökk sé Svavari Berg fyrir samstarfið við undirbúning og framkvæmd sýningarinnar.

Svavar Berg er iðinn áhugaljósmyndari með gott auga fyrir mótífum og fréttanef að auki, enda var hann áratugum saman hirðljósmyndari Morgunblaðsins í Ólafsfirði. Hann á í safni sínu tugi þúsunda ljósmynda og fjöldi þeirra tengist einmitt atvinnurekstri Magnúsar Gamalielssonar og fjölskyldu hans.

Svavar Berg er sonur Guðfinnu Pálsdóttur og Magnúsar Gamalielssonar. Hann var því eðli máls samkvæmt í stöðu til að skrá með myndavélinni sinni sögu fjölskyldufyrirtækisins í nærmynd og á persónulegan hátt. Og það gerði hann. Myndirnar eru auðvitað merkilegur hluti af sögu byggðarlagsins og dýrmætur menningarsjóður þess.



Það er bæði ánægjuefni og heiður fyrir Ramma að standa að sýningu á úrvali ljósmynda úr safni Svavars Berg í Pálshúsi á afmælisári útgerðar Magnúsar Gamalíelssonar og Guðfinnu Pálsdóttur.

Ég veit að söguleg leiftur, sem upp er brugðið á veggjum Pálshúss, munu vekja athygli og gleðja margan manninn sem þekkir til í Ólafsfirði og annars staðar í Fjallabyggð. Sannfærður er ég um að myndirnar höfða líka til fjölda annarra gesta sýningarinnar, íslenskra og erlendra, sem eiga leið um Ólafsfjörð í sumar og kynnast atvinnulífi og mannlífi hér gegnum myndavélalinsur Svavars Berg Magnússonar.

Annan Ólafsfirðing nefni ég til sögunnar, Friðrik Gunnar Olgeirsson sagnfræðing, og færi honum kærar þakkir. Skrif hans urðu okkur gjöful og ómetanleg náma upplýsinga um Magnús Gamalíelsson, útvegs sögu hans og lífsferil við útgáfu sýningarskrár og annan undirbúning. Þar skal fyrst nefna Hundrað ár í Horninu, sögu Ólafsfjarðar frá 1883, sem kom út í þremur bindum á árunum 1984 til 1991. Ég nefni

líka greinina Magnús Gamalíelsson, útgerðarmaður frá Ólafsfirði, aldarminning, sem birtist í Morgunblaðinu 17. október 1999 og síðast en ekki síst óprentað handrit Friðriks, Hann sigldi sinn sjó – saga Magnúsar Gamalíelssonar, frá 1999.

Góðir gestir sýningarinnar, verið velkomnir og njótið!

**Ólafur Marteinsson,**  
*frankvæmdastjóri Ramma hf.*

## Ástríðuljósmyndari í 65 ár



Svavar Berg Magnússon í vinnustofunni sinni heima í Ólafsfirði. Mynd: Björn Valdimarsson.

Svavar Berg Magnússon byrjaði að taka myndir á kassavél um fermingu. Frá þeirri stundu varð ljósmyndun áhugamál og ástríða sem varir ævina alla. Hann tók fyrstu áratuginu svart-hvítar myndir og litmyndir á filmu og litskyggjur (slides) en tileinkaði sér síðar stafræna ljósmyndun þegar sú tækni kom til sögunnar. Í safninu hans eru um 55 þúsund ljósmyndir.

Ekki nóg með það. Svavar Berg eignaðist 8 millimetra kvikmyndavél árið 1956 og á í fórum sínum einstakar upptökur úr atvinnulífi og mannlífi í Ólafsfirði og víðar. Hann hefur gefið sér góðan tíma til að skrá myndir og upptökur, sem gerir safnið auðvitað enn verðmætara en ella. Fljótt fennir í sporin og þarf ekki mörg ár, hvað þá áratugi, til að skolist til hvar myndir eru teknar, af hvaða tilefni og hverjir sjást á þeim.

Svavar Berg fagnar áttæðisafmæli 11. október 2018. Hann er enn að með myndavélina sína. Á Andrésar Andar leikunum í Hlíðarfjalli við Akureyri og í Fossavatnsgöngunni á Ísafirði í apríl 2018 tók hann til dæmis alls um 1.200 myndir og bætti við safnið sitt.

Frá því hefur verið gengið að Minjasafnið á Akureyri fái ljósmyndasafn Svavars Berg Magnússon-

ar til varðveislu. Hörður Geirsson, safnvörður ljósmyndadeildar, segir að myndirnar séu vissulega góð búbót og heimildir um nærumhverfi ljósmyndarans. Hann nefnir að fyrir sé á Minjasafninu annað stórt safn ljósmynda frá Ólafsfirði, myndir sem Brynjólfur Sveinsson, fyrrverandi kaupmaður og stöðvarstjóri, tók þar á árunum 1930-1979.

Svavar Berg öðlaðist meistararéttindi í húsasmíði 1963 og stundaði sjálfstæða verktakastarfsemi í Ólafsfirði um árabil. Um það leyti sem Hraðfrystihús Magnúsar Gamalielssonar tók við Sigurbjörgu ÓF yngri 1979 hvarf Svavar Berg til starfa hjá fjölskyldufyrirtækinu í útgerð og fiskvinnslu. Hann varð framkvæmdastjóri ásamt Sigurgeiri bróður sínum sem hafði verið framkvæmdastjóri í fyrirtækinu frá upphafi starfsferils síns. Fyrirtækið sameinaðist Pormóði ramma-Sæbergi hf. á árinu 1997.

Svavar Berg komst fljótlega að því á yngri árum að sjómennska átti ekki við hann og því valdi hans sér starfsvettvang í landi. Hann varð virkur á mörgum sviðum atvinnu- og félagsmála í heimabyggðinni og víðar, safnar frímerkjum, jakkamerkjum og ýmsum gömlum hlutum með sögulegt gildi. Síðast en ekki síst er hann oft á ferð með myndavélarnar sínar og sá meðal annars Morgunblaðinu fyrir fréttamyndum frá Ólafsfirði áratugum saman. ■



## „Fylgi Guð og farsældin fley með öllu saman“



Magnús Gamalíelsson og Guðfinna Pálsdóttir með börnum sínum. Frá vinstri: Svavar Berg, Ásdís Jónína, Sigurgeir, Magnús, Guðfinna, Helga Kristín og Gunnar.



Magnús Gamalielsson var í hópi umsvifamestu athafnamanna landsins í sjávarútvegi á öldinni sem leið, forvígismaður vélbátaútgerðar á Norðurlandi og afkastamikill í útgerð og fiskverkun í Ólafsfirði og Keflavík.

Hann fór sjálfur til sjós á yngri árum með tvær hendur tómar, varð formaður á bátum frá Ólafsfirði og hóf síðan sjálfur útgerð og fiskvinnslu árið 1928 í smáum stíl. Sá sproti átti heldur betur eftir að vaxa og verða að einu öflugasta sjávarútvegsfyrirtæki Norðurlands. Hann stundaði bæði atvinnurekstur á eigin vegum og í samstarfi við aðra, rak síldarsöltun í Ólafsfirði um árabil, annaðist byggingu Hraðfrystihúss Ólafsfjarðar hf. og var fyrsti framkvæmdastjóri þess.

Magnús lét smíða fjögur fiskiskip á Akureyri. Tvö þeirra voru þau stærstu sem smíðuð höfðu verið hér-  
lendis.

Magnús fæddist á Hraunum í Fljótum 7. október 1899 og lést 3. janúar 1985. Eiginkona hans var Guðfinna Pálsdóttir frá Illugastöðum í Fljótum. Hún fæddist 21. júní 1904 og lést 18. október 1987. Börn þeirra eru Helga Kristín fædd 1929, lést 2017; Ásdís Jónína fædd 1931, Gunnar fæddur 1933, Svavar Berg fæddur 1938 og Sigurgeir fæddur 1942.

Magnús lærði upphaflega smíðar, einkum hús-gagnasmíðar. Hann starfaði um skeið sem smíður á Akureyri, meðal annars við að reisa hús nr. 23 við Brekkugötu þar sem síðar fæddust tvær tengdadætur hans, Anna María og Katrín Sigurgeirsdætur.

Magnús fékk líka leiðsögn við bátasmíðar hjá Dúa Grímssyni móðurbróður sínum. Hann smíðaði árabát sem ýtt var á flot á Ólafsfjarðarvatni vorið 1916 og reri síðan til fiskjar, ýmist einn síns liðs eða með félagi sínum, Jóni Bergssyni.

## Maggi sigldi sinn sjó

Fríðrik G. Olgeirsson skrifar í óprentuðu handriti sínu að sögu Magnúsar Gamalielssonar að Helga Sigurlaug Grímsdóttir, móðir Magnúsar, hafi saumað segl á árabát sonarins. Fríðrik segir síðan fyrstu útvegssöguna af athafnamanninum unga:

„Á þorranum árið eftir fréttist af fiski á Reyðarárgrunni. Þangað var að minnsta kosti á þriðja tíma róður en þeir Magnús og Jón Bergsson fóru strax af stað og fengu fullan bát. Þegar þeir komu að landi heima í Horni beið Helga í flæðarmálinu og var orðin hrædd um sjóarann sinn unga.

Fyrir ofan lendinguna var margt um manninn í aðgerð því aðrir bátar voru komnir að landi fyrir nokkru.

Einn þeirra sem þar var að störfum var Þorleifur Rögnvaldsson. Þegar hann sá Magnús vildi hann vanda um við strákinn og sagði við hann með alvörubunga í röddinni: „Þetta skaltu ekki gera aftur, drengur minn.“

Þegar einn gömlu karlanna heyrði hvað Þorleifur sagði bætti hann við: „Það þýðir ekki að segja honum Magga fyrir, hann siglir sinn sjó.“

## Hlustað á bátabylgjuna daginn út og inn

Magnús Gamalielsson var frumkvöðull og forgöngumaður á mörgum sviðum atvinnulífs og samfélags Ólafsfirðinga.

Hann var

- hvatamaður að hafnarframkvæmdum og formaður hafnarnefndar um árabíl.
- í hópi þeirra sem beittu sér fyrir stofnun rafveitu og fyrsti stjórnarformaður hennar.
- framkvæmdastjóri Fiskiðjuvers Ólafsfjarðar, niðursuðuverksmiðju sem starfrækt var frá 1948 til 1954.
- bæjarfulltrúi um skeið og frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins til Alþingis.
- formaður stjórnar Sparisjóðs Ólafsfjarðar.
- stjórnarmaður í Vélbátatryggingum Eyjafjarðar og gerður að heiðursfélaga Vélbátatrygginganna 1973.
- einn af stofnendum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna.
- í stjórn Útvegsmannafélags Norðurlands.
- fulltrúi á Fiskilþingi í um þrjá áratugi.
- virkur í starfsemi Kaupfélags Ólafsfjarðar.
- einn af stofnendum Rótaryklúbbs Ólafsfjarðar og varaforseti fyrstu stjórnar hans.

Þá létu þau þau hjón, Guðfinna Pálsdóttir og Magnús, slysavarnamál mjög til sín taka. Hún var um tíma formaður Slysavarnadeildar kvenna í Ólafsfirði.

Lárus Jónsson minntist Magnúsar í Morgunblaðinu 19. janúar 1985, meðal annars með þessum orðum:

„Magnús var mjög reglusamur, bindindismaður bæði á tóbak og áfengi. Hann gekk jafnan snemma til starfa og daglangt átti atvinnurekstur hans hug hans allan. Það vakti athygli mína sem unglings að á Bjargi [heimili Guðfinnu og Magnúsar við Hornbrekkuveg] var hlustað á bátabylgjuna daginn út og daginn inn. Þannig var Magnús. Hann var jafnan með hugann við lífið á sjónum eftir að hann sjálfur hætti sjósókn og sneri sér að útgerð og fiskvinnslu.“

Magnús Gamalielsson var kjörinn heiðursborgari Ólafsfjarðarkaupstaðar 1977. Forseti Íslands sæmði hann riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu 1969 og stórriddarakrossi 1981. ■







## **Bátar, skip og fyrirtæki í 90 ára útgerðar- og fiskvinnslusögu Magnúsar Gamalielssonar**

Magnús Gamalielsson gerðist sjómaður vorið 1917 og var til sjós á sumrin en vann við smíðar á vetrum. Hann varð formaður á Göngu-Hrólfli vorið 1922, átta tonna súðbyrðingi sem keyptur var til Ólafsfjarðar frá Norðfirði 1916. Hann var þá 23 ára. Eigendur bátsins voru Þorleifur Rögnvaldsson, útvegsbóndi í Hornbrekku, og Jón Friðriksson. Sá síðarnefndi var formaður fyrstu árin en Þorleifur bauð Magnúsi svo formennskuna 1922. Magnús fékk formannsskírteini 2. júní 1924 og var skipstjóri á Göngu-Hrólfli til 1924.

Þorleifur Rögnvaldsson lét smíða fyrir sig tíu tonna bát úr eik og furu á Akureyri, Egil EA-416, og fékk hann afhentan vorið 1925. Magnús Gamalielsson tók að sér skipstjórnina. Hann sigldi Agli nýjum til Ólafsfjarðar og var með hann á vertíðunum 1925 og 1926.

Árið 1928 hóf Magnús útgerð á eigin vegum og hér fer á eftir listi yfir báta hans og skip og félög sem hann stofnaði sjálfur og rak eða átti í félagi við aðra.

## 1

Barði EA-371, 8 tonn, súðbyrtur úr eik og furu, smíðaður í Hafnarfirði 1914. Magnús Gamalíelsson og Gunnar Guðlaugsson frá Akureyri keyptu bátinn á Akureyri 1928 en í nokkur ár þar áður var hann gerður út frá Ólafsfirði. Þeir áttu Barða í tvö ár og seldu bátinn til Húsavíkur að lokinni vertíð 1928.

## 2

Einar Þveræingur EA-537, tólf tonn úr eik og furu, smíðaður í Skipasmíðastöð KEA á Akureyri og afhentur vorið 1930. Magnús tók þátt í að smíða Einar Þveræing, var skipstjóri á bátnum til 1933 og gerðist þá útgerðarmaður starfandi í landi.

Sigríður í Garðshorni, hálsystir Magnúsar, rifjar upp í viðtali í Árbók Ólafsfjarðar 2003 þegar Einar Þveræingur kom nýr innan að:

„Einhver hafði haft við orð svo mamma heyrði að báturinn væri fallegur og hún sagðist hafa viljað að hann hétu Fagur en þá var búið að gefa honum nafn. Það var venja að bátar færu í prufukeyrslu hérna út í Pollinn og þá máttu allir koma með. Báturinn rennir svo þarna frá bryggjunni og þá segir mamma:

*Nú er Fagur ferðbúinn,  
firðum þykir gaman.  
Fylgi Guð og farsældin  
fley með öllu saman.*

– Það gekk eftir. Báturinn varð happasæll.“

## 3

Anna EA-12, 28 tonna, gerð út á línu, færi og síld. Gömul hákarlaskúta frá aldamótunum sem Magnús eignaðist 1937 og seldi 1950.

## 4

Einar Þveræingur ÓF-1, 64 tonn, smíðaður á Akureyri og afhentur 1946. Meðeigandi Magnúsar var Ásgeir Frímannsson skipstjóri en síðar keypti Magnús hlut Ásgeirs.

## 5

Haukur 1 ÓF-5, 102 tonna skip sem útgerðarfélagið Haukar átti og gerði út. Magnús var stærsti hluthafi félagsins og framkvæmdastjóri þess.

## 6

Norðlendingur ÓF-4, 660 tonna nýsköpunartogari í eigu samnefnds félags. Hluthafar í Norðlendingi hf. voru í Ólafsfirði, á Sauðárkróki og Húsavík. Magnús átti stóran hlut í Ólafsfjarðardeild félagsins.

## 7

Guðbjörg ÓF-3, 94 tonna stálskip sem Magnús lét smíða fyrir sig í Noregi og tók á móti í heimahöfn í ársbyrjun 1960.

## 8

Ólafur bekkur ÓF-2, 155 tonna stálskip smíðað í Noregi og afhent 1960 nýju útgerðarfélagi, Þristi hf., sem Magnús stofnaði ásamt Sigurði Baldvínssyni og Sigvalda Þorleifssyni. Magnús átti þriðjungshlut í Ólafi bekk.

## 9

Sæþór ÓF-5, 155 tonna stálskip smíðað í Noregi og afhent Hraðfrystihúsi Ólafsfjarðar hf. 1960. Magnús var í eigendahópnum, stjórnarmaður félagsins og hafði verið framkvæmdastjóri þess.

## 10

Sigurbjörg ÓF-1, 346 tonna skip smíðað í Slippstöðinni á Akureyri 1966. Stærsta skip sem smíðað hafði verið á Íslandi til þess tíma. Umdæmisnúmeri Sigurbjargar breytt í ÓF-30 síðla árs 1978. Skipið var selt frá Ólafsfirði sumarið 1979.

## 11

Ólafur bekkur ÓF-2, smíðaður í Japan og afhentur 1973 Útgerðarfélagi Ólafsfjarðar hf. sem Magnús var meðal stærstu hluthafa í. Fyrsti skuttogari Ólafsfirðinga. Magnús átti þriðjungshlut í Ólafi bekk.

## 12

Sigurbjörg ÓF-1, 499 tonna skuttogari smíðaður í Slippstöðinni hf. á Akureyri og afhentur 1979 Hraðfrystihúsi Magnúsar Gamalíelssonar sem stofnað hafði verið 1972. Magnús stóð þá á áttæðu og Svavar Berg, sonur hans, kom inn í útgerðina og reksturinn með föður sínum og Sigurgeiri bróður sínum. Sigurbjörg var fjórða skipið sem Magnús lét smíða fyrir sig á Akureyri og hið stærsta sem smíðað hafði verið til þess tíma hérlendis.

Magnús Gamalíelsson verkaði fisk á eigin vegum allt frá því hann hóf útgerð 1928. Fiskverkunin átti síðar eftir að stækka á allan hátt í sniðum.

## 13

Snæbjörg ÓF-4, 50 tonna stálskip smíðað í Sandgerði 1975. Magnús Gamalíelsson keypti Snæbjörgu 1986 og gerði út á rækju og dragnót.

## 1935

Síldarsöltunarfélagið stofnað í Ólafsfirði. Magnús framkvæmdastjóri frá upphafi til 1941.

## 1941

Hraðfrystihús Ólafsfjarðar hf. stofnað. Magnús í hópi stofnenda félagsins og fyrsti framkvæmdastjóri þess.

## 1947

Magnús og fleiri stofna Jökul hf., söltunarstöð sem rekin var í Ólafsfirði allt þar til síldin hvarf og þar með síldarsöltunin.

## 1955

Starfsemi hefst í nýju húsi sem Magnús lét reisa við Ránargötu nyrst í Ólafsfirði til að verka og þurrka saltfisk. Um svipað leyti hóf hann líka saltfiskverkun í Keflavík ásamt Halldóri Kristinssyni hálfbróður sínum. Þeir byggðu salthús og verbúð sem talin var ein sú fullkonnasta á landinu á þeim tíma.

## 1960

Útgerðarfélagið Pristur stofnað í Ólafsfirði. Eigendur: Magnús, Sigurður Baldvinsson og Sigvaldi Þorleifsson.

## 1962

Hraðfrystihús Magnúsar Gamalíelssonar tekur til starfa, sambyggt þurrkhúsinu. Eitt stærsta einkafyrirtæki í sjávarútvegi á Norðurlandi. ■

# Skipsheitið Sigurbjörg





Hjónin Guðfinna Pálsdóttir og Magnús Gamalielsson gáfu tveimur farsælum skipum sínum nafnið Sigurbjörg í minningu Sigurbjargar Guðmundsdóttur sem bjó á Illugastöðum í Fljótum þegar Guðfinna fæddist þar og ólst upp hjá foreldrum sínum, Páli Jónssyni og Kristínu Kristjánsdóttur.

Guðfinna var á fimmta ári þegar hún missti móður sína 1909. Þá var Hartmann bróðir hennar eins árs.

Móðurmissirinn hafði áhrif á Guðfinnu ævina alla. Sigurbjörg tók börnin að sér og annaðist á Illugastöðum. Það var gæfa Guðfinnu á erfiðum tímum. Sigurbjörg varð löngu síðar gæfuheiti skipa í útgerðarsögu Ólafsfirðinga. Guðfinna gaf báðum skipunum nafn í minningu konunnar góðu sem fósraði hana og gekk í móðurstað forðum í Fljótum. Sjór af Grímseyjar-sundi í flöskum var notaður við athafnirnar en ekki kampavín, eins og gjarnan tíðkast. ■



# **Ljósmyndir á sýningu í Pálshúsi 2018**

**Textinn á við mynd með sama númer**

- 1 Jón Steinsson og Skúli Gunnarsson með stórþorsk sem Snæbjörg ÓF-4 færði að landi.
- 2 Áhöfn Sigurbjargar ÓF-1 tekur víra um borð: Jón Jónsson, Ómar Aðalbjörnsson, Ingimar Númason, Björgvin Björnsson og Birgir Bragason.
- 3 Sigurgeir Magnússon rennir fyrir fisk í mynni Héðinsfjarðar. Hvanndalabjarg í baksýn.
- 4 1966. Hjónin Magnús Gamalíelsson og Guðfinna Pálsdóttir þegar Sigurbjörg ÓF-1 eldri var sjósett hjá Slippstöðinni á Akureyri.
- 5 Guðrún Hallgrímsdóttir, Skjöldur Gunnarsson og Ólafía Gísladóttir utan við Hraðfrystihús Magnúsar Gamalíelssonar.
- 6 Áhöfnin á Sigurbjörgu ÓF-1 yngri 1992.  
Aftasta röð frá vinstri: Birgir Gunnarsson, Jón Hans Rafn Jóhannsson, Ingimar Númason, Friðbjófur Jónsson, Sigurður Pétur Jónsson, Ómar Aðalbjörnsson, Ægir Fransson, Gottlieb Konráðsson og Jóakim Ólafsson.  
  
Næstaftasta röð frá vinstri: Vilhjálmur Sigurðsson skipstjóri, Víðir Björnsson, Skarphéðinn Aðalbjörnsson, Hjörleifur Þórhallsson, Einar Þórarinnsson, Þorgeir Gunnarsson, Davíð Gígja, Hilmar Kristjánsson, Birgir Bragason og Svavar Berg Magnússon framkvæmdastjóri.  
  
Þriðja röð frá vinstri: Kristján Jóhannsson, Sigurgeir Magnússon framkvæmdastjóri, Kári Gíslason, Sigríður Kristinsdóttir, Svanur Jóhannsson, Ægir Ólafsson, Björgvin Björnsson og Jón Jónsson.
- 7 Þorsteinn Björnsson stýrimaður á Sigurbjörgu ÓF-1.
- 8 Skipverjar á Sigurbjörgu ÓF-1 við víravinnu: Birgir Bragason, Víðir Björnsson og Jón Jónsson.
- 9 Gott hal Sigurbjargar ÓF-1. Á myndinni sjást Hilmar Kristjánsson og Reynir Lord.  
*Ljósmynd: Sigurgeir Svavarsson*
- 10 Guðfinna Pálsdóttir og Magnús Gamalíelsson.



- 11 Vinirnir William Þorsteinsson og Magnús Gamalíelsson.
- 12 Í róðri á Guðbjörgu ÓF-3. Matthías Sigurpálsson stýrimaður og Þorsteinn Friðriksson vélstjóri.
- 13 Í pásu við skreiðarhjallinn. Frá vinstri: Sigurður Björnsson, Guðmundur Þór Benediktsson, Frímann Ásmundsson, Magnús Magnússon og Ásgeir Ásgeirsson.
- 14 Magnús Gamalíelsson tyllir sér á bryggjupolla við skut Sigurbjargar ÓF-1.
- 15 Sigurbjörg ÓF-1 á leið inn Ólafsfjörð í vonskuvedri.
- 16 Sigurbjörg ÓF-1 kemur til heimahafnar 1979. Fedgarnir Svavar Berg Magnússon, Magnús Gamalíelsson og Sigurgeir Magnússon.
- 17 Maí 1979. Mannfjöldi fagnar Sigurbjörgu ÓF-1 við heimkomu.
- 18 Fjölskyldumynd frá komu Sigurbjargar ÓF-1 til Ólafsfjarðar í maí 1979. Frá vinstri: Guðrún Hrönn Hilmarsdóttir, Gunnar Magnússon, Guðfinna Pálsdóttir, Magnús Gamalíelsson, Sigurgeir Magnússon, Katrín Sigurgeirsdóttir, Anna María Sigurgeirsdóttir, Ásdís Magnúsdóttir, Gottfred Árnason, Helga Magnúsdóttir og Svavar Berg Magnússon.
- 19 1986. Ólafur Sæmundsson, skipstjóri á Snæbjörgu ÓF-4.
- 20 1986. Rafn Ingólfsson, skipverji á Snæbjörgu ÓF-4, handleikur steinbít.
- 21 Snæbjörg ÓF-4 í Ólafsfjarðarhöfn.
- 22 Skipstjórar á skipum Magnúsar Gamalíelssonar og framkvæmdastjóri fyrirtækisins: Ólafur Jóakimsson, Sigurgeir Magnússon framkvæmdastjóri, Ólafur Sæmundsson, Víglundur Pálsson, Andri Víglundsson og Þorsteinn Björnsson.
- 23 Guðfinna Pálsdóttir t.v. og tengdadóttir hennar, Anna María Sigurgeirsdóttir, eiginkona Svavars Berg Magnússonar.

- 24 Legið yfir flókinni stöðu á skákborðinu! Kristinn Gíslason, Örn Einarsson, Gunnar Magnússon, staddir í Keflavík.
- 25 Svavar Berg Magnússon í saltfiskvinnslu. *Ljósmynd: Gunnar Magnússon.*
- 26 Götumynd frá Ólafsfirði 1955 eða þar um bil. Húsin næst á myndinni til vinstri eru Normandí og Sæból. Til hægri er breitt yfir síldartunnur sem tilheyrðu söltunarfélaginu Jökli. *Ljósmynd: Gunnar Magnússon.*
- 27 Einar Þveræingur ÓF-1.
- 28 Tjón á hafnarmannvirkjum Ólafsfirðinga eftir óveður með tilheyrandi brimsköflum. Fyrir miðri mynd má sjá bát sem slitnaði upp og rak upp í fjöru. Hjá bátnum er stykki sem brotnaði úr norðurgarði hafnarinnar í þessum hamförum.
- 29 Starfsfólk í saltfiskvinnslu Magnúsar Gamalielssonar um 1960.
- 30 Magnús Gamalielsson kannar verkun saltfisks á Ósbrekkusandi fyrir 1960. *Ljósmynd: Gunnar Magnússon.*
- 31 Skipverjar á Einari Þveræingi ÓF-1 og Guðbjörgu ÓF-3 ásamt Guðfinnu Pálsdóttur og Magnúsi Gamalielssyni á heimili þeirra hjóna. Myndin gæti verið tekin á sextugsafmæli Magnúsar 1959. Frá vinstri: Guðfinna, Kristján Jónsson, Jón Sigurðsson, Valdimar Gunnarsson, Þorgeir Gunnarsson, Hrafn Ragnarsson og Magnús.
- 32 2009. Þrír strákar og fjórir fiskar á sjómannadeginum í Ólafsfirði: Jakob Daníelsson, Hjörvar Sigurgeirsson og Aron Elí Gíslason.
- 33 1972. Byggt við Hraðfrystihús Magnúsar Gamalielssonar. Verktaki: Trésmiðja Svavars B. Magnússonar.
- 34 1977. Kaffistofa Hraðfrystihúss Magnúsar Gamalielssonar.
- 35 Gunnar Steinsson í saltfiskvinnslu.

- 36 Júní 1979. Fiskvinnslukonur. Þarna sjást meðal annarra Kristín Hannesdóttir, Petrea Rögnvaldsdóttir, Hanna Maronsdóttir, Guðrún Magnúsdóttir og Rakel Kristbjörnsdóttir.
- 37 Ólafur Jóakimsson og strákur sem ekki hafa verið borin kennsl á.
- 38 1979. Sigurbjörg ÓF-1 sjósett hjá Slippstöðinni á Akureyri. Starfsmennirnir lyfta skipinu með sleggjum og fleygum.
- 39 1979. Sigurbjörg ÓF-1 sjósett á Akureyri.
- 40 Apríl 1977. Eggert Pálsson, Magnús Gamalíelsson og Magnús Magnússon. Eggert og Magnús Magnússon voru verkstjórar í Hraðfrystihúsi Magnúsar Gamalíelssonar í áratugi og Magnús síðar skrifstofustjóri fyrirtækisins. Eggert var mágur Magnúsar Gamalíelssonar (hálfbróðir Guðfinnu Pálsdóttur, eiginkonu Magnúsar Gamalíelssonar). Ásta Sigríður Kristinsdóttir, eiginkona Magnúsar Magnússonar, var hálf systir Magnúsar Gamalíelssonar.
- 41 1980. Vinnslusalur Hraðfrystihúss Magnúsar Gamalíelssonar eftir endurbætur.
- 42 1980. Stimpilklukka og kort í Hraðfrystihúsi Magnúsar Gamalíelssonar.
- 43 Fiskur úr Sigurbjörgu ÓF-1 boðinn upp á markaði í Hull. Mjög góður sölutúr skipsins.
- 44 Mars 1981. Sigurveig Stefánsdóttir, Björk Arngrímsdóttir og Sigurlaug Hrafnadóttir með leikskólabörn á bryggjunni.
- 45 Mars 1981. Eygló Guðnadóttir og Valgerður Gunnarsdóttir hengja upp þorskhausa í skreiðarhjalla.
- 46 1965. Guðrún Bjarnadóttir og Anna Björnsdóttir.
- 47 Janúar 1986. Björgunaræfing á vegum Slysavarnaskóla sjómanna. Þyrla Landhelgisgæslunnar „bjargar“ áhöfn Sigurbjargar úr sjávarháská.
- 48 Janúar 1986. Reykköfunaræfing á vegum Slysavarnaskóla sjómanna.

**49** Sjómanna dagurinn 1987. Áhöfn Sigurbjargar ÓF-1.

Standandi frá vinstri: Birgir Gunnarsson, Birgir Bragason, Friðþjófur Jónsson, Jón H. Jóhannsson, Þorleifur Gestsson, Björgvin Björnsson, vantar nafn á stúlkuna, Jón Jónsson, Björn Þorsteinsson, Matthías Ingimarsson, Sigurður P. Jónsson, Magnús Þorsteinsson, Ægir Magnússon, Ægir Ólafsson, Kolbeinn Arnbjörnsson, Vilhjálmur Sigurðsson, Ólafur Jóakimsson skipstjóri, Kristján Jóhannsson, Gestur Antonsson, Jón Sigurðsson, Georg Kristinsson. Stúlkurnar lengst til hægri eru Hanna Stella Georgsdóttir og Hrafnhildur Óskarsdóttir.

Krjúpandi/sitjandi frá vinstri: Guðmundur Rafn Jónsson, Davíð Gígja, Sigurgeir Svavarsson, Hólmfríður Vala Svavarsdóttir, Ómar Aðalbjörnsson, Hilmar Kristjánsson, Sigmundur Hreinsson.

**50** 1991. Veifaræri Sigurbjargar ÓF-1 tekin í land. Frá vinstri: Gestur Antonsson, Birgir Bragason, Jón H. Jóhannsson og Kári Gíslason.

**51** 1991. Um borð í Sigurbjörgu ÓF-1: Magnús Stefánsson og Sigurgeir Svavarsson.

**52** Sjómanna dagurinn 1990. Áhöfn Sigurbjargar ÓF-1. Aftastir eru Ómar Aðalbjörnsson, Friðþjófur Jónsson, Kristján Jóhannsson, Hilmar Kristjánsson, Gottlieb Konráðsson og Skarphéðinn Aðalbjörnsson.

Í röðinni framan við þá eru Davíð Gígja, Hjörleifur Þórhallsson, Jóakim Ólafsson, Sigríður Kristinsdóttir, Ægir Ólafsson og Víðir Björnsson.

Fremst eru Vilhjálmur Sigurðsson, Kristján Steingrímsson, Ingimar Númason, Þorgeir Gunnarsson, Jón H. Jóhannsson, Svanur Jóhannsson, Gestur Antonsson. Allra fremstur er Birgir Gunnarsson.

**53** 1983. Útskipun. Kristinn Traustason til hægri, hinn er óþekktur.

**54** 1985. Á Akranesi þegar Sigurbjörgu ÓF-1 var breytt í frystitogara í Skipasmíðastöð Þorgeirs og Ellerts. Frá vinstri: Sigurgeir Magnússon, Karl Þorleifsson og Þorgeir Gunnarsson.

**55** 1985. Neftóbaksblús í Skipasmíðastöð Þorgeirs og Ellerts á Akranesi þegar Sigurbjörgu ÓF-1 var breytt þar í frystitogara. Haraldur, starfsmaður stöðvarinnar, býður Benedikt Guðmundssyni verkfræðingi korn í nefið.

56 Þorleifur Gestsson, Björn Guðmundsson, Birgir Gunnarsson og Víðir Björnsson unnu við að rífa vélina í Sigurbjörgu ÓF-1 í Ólafsfjarðarhöfn eftir að vélin brotnaði niður.

57 Dráttarbáturinn Goðinn dró Sigurbjörgu ÓF-1, vélarvana í orðsins fyllstu merkingu til Falmouth á Englandi þar sem sett var ný vél í skipið. Hér er lagt upp í ferðina frá Ólafsfirði.

58 Námskeið fiskverkafólks. Kennari á námskeiðinu var Svavar Berg Magnússon og hann tók myndina. Standandi aftast frá vinstri: Guðrún Lúðvíksdóttir, Anna Sigríður Pálmadóttir, Steinunn Gunnarsdóttir, Matthildur Matthíasdóttir, Valgerður Gunnarsdóttir, Elísabet H. Pálsdóttir, Birna Hreinsdóttir og Rakel Kristbjörnsdóttir.

Sitjandi í aftari röð: Klara Guðnadóttir, Elva Hannesdóttir, Kristín Jakobína Pálsdóttir, Sigríður Rut Pálsdóttir, Svava Friðbjófsdóttir, Hulda Jónsdóttir.

Fremri röð: Rögnvaldur Möller, Kristín Ólafsdóttir og Ása Ragnarsdóttir.

59 Magnús Guðnason, starfsmaður Hraðfrystihúss Magnúsar Gamalíelssonar.

60 Sjómannadagurinn 1986. Áhöfn Sigurbjargar ÓF-1 í trukkadrætti. Magnús Þorsteinsson skipstjóri fremstur og aftan við hann eru Björn Þorsteinsson, Hilmar Kristjánsson og Gestur Antonsson.

61 1987. Starfsfólk Magnúsar Gamalíelssonar hf. við útskrift á fiskvinnslunámskeiði. Aftasta röð frá hægri: Vaka Njálisdóttir, Sigrún Aðalsteinsdóttir, Prúður Pálmadóttir, Snjólaug Kristinsdóttir, Anna S. Pálmadóttir, Guðrún Hlíf Lúðvíksdóttir, Birna Jenný Hreinsdóttir, Líney Hrafnadóttir, Hugrún Heiðdal, Matthildur Matthíasdóttir, Valgerður Gunnarsdóttir, Hulda Gerður Jónsdóttir, Ása Ragnarsdóttir, Bára Sæmundsdóttir, Skúli Gunnarsson verkstjóri, Jóhannes Jóhannesson.

Röð þar fyrir framan frá vinstri: Svava Friðbjófsdóttir, Bjarni Ingólfsson, Árnís Pálsdóttir, Klara Guðnadóttir, Kristín Ólafsdóttir, Steinunn Gunnarsdóttir, Auður Benediktsdóttir, Elva Hannesdóttir, Björk Gísladóttir, Margrét Friðriksdóttir, Rakel Kristbjörnsdóttir, Hrefna Axelsdóttir, Ingibjörg Antonsdóttir, Jónína Sigurðardóttir, Kristín Jakobína Pálsdóttir, Magnús Guðnason.

Fremstar eru frá hægri: Sigurlaug Ólafsdóttir, Purríður Rósenbergsdóttir, Halldóra Gísladóttir, Elva Ingólfsdóttir og Jóhanna Jensdóttir.



- 62 Stórlúða sem Sigurbjörg ÓF-1 færði að landi.
- 63 Kári Ólfjörð Nývarðsson, Gunnlaugur Jón Magnússon og Óskar Gíslason.
- 64 Hólmfríður Vala Svavarsdóttir og hákarlar á bryggjunni.
- 65 Jón Hans Rafn Jóhannsson, Hólmfríður Vala Svavarsdóttir og Tryggvi Sigurðsson leggja af stað í Smuguna.
- 66 Víglundur Pálsson skipstjóri, Vignir Aðalgeirsson og Róbert Pálsson, skipverjar á Snæbjörgu ÓF-4.
- 67 Skorið úr skráfu Sigurbjargar ÓF-1 í Ólafsfjarðarhöfn. Kafari í sjónum við skutrennuna.
- 68 Eiríkur Sævaldsson háseti í bassaskýlinu á Einari Þveræingi ÓF-1. Nótabassinn hafðist þarna við og skyggndist eftir síld á miðunum (sumir kölluðu skýlið Gónhól). Talsamband bassans og skipstjórnarmanna fór fram með slöngu milli skýlis og stýrishúss! *Ljósmyndari óþekktur.*
- 69 Sigurgeir Magnússon, háseti og matsveinn. Hann sagði að mesta bylting í lífi kokks til sjós hafi verið þegar súrmjólkin kom til sögunnar! *Ljósmyndari óþekktur.*
- 70 Guðbjörg ÓF-3 kemur ný heim til Ólafsfjarðar í janúar 1960. Fjöldi fólks fagnaði á bryggjunni og karlakórinn Kátir piltar tók lagið.
- 71 Guðbjörg ÓF-3 á síldveiðum. *Ljósmyndari óþekktur.*
- 72 Sigurbjörg ÓF-1 í Akureyrarhöfn.
- 73 Í salthúsinu. Sigurjón Jónasson, Gunnar Steinsson og Hannes Sigurðsson. Aftan við þá eru Gylfi Jóhannsson og Gísli Kristinsson.

- 74 Bræðraband í síldartunnum. Sigurgeir og Svavar Berg Magnússynir. *Ljósmynd: Gunnar Magnússon.*
- 75 Ásgeir Frímansson skipstjóri á síldveiðum á Einari Þveræingi ÓF-1. Þeir Magnús Gamalíelsson létu smíða bátinn hjá Skipasmíðastöð KEA á Akureyri og fengu hann afhentan snemma árs 1946. Magnús keypti síðar hlut Ásgeirs og eignaðist bátinn allan.
- 76 Fjórar fjörugar fiskverkakonur á leið á síldarplan söltunarfélagsins Jökuls. Frá vinstri: Guðrún Hallgrímsdóttir, Sigríður Steinsdóttir, Líney Jónasdóttir og Sigríður Björnsdóttir. *Ljósmynd: Gunnar Magnússon.*
- 77 Ráðskonur á vertíð í Þveræingi í Keflavík, Björk Gísladóttir og Guðlaug Tómasdóttir.
- 78 Guðbjörg ÓF-3 kemur til Ólafsfjarðar í ársbyrjun 1960. Magnús Gamalíelsson ávarpar bæjarbúa og gesti á hafnargarðinum.
- 79 Brimskafi í mynni Ólafsfjarðarhafnar.
- 80 Vetrarstemning I.
- 81 Tækjamenn að störfum: Gottlieb Konráðsson og Sigvaldi Sæmundsson.
- 82 Brim gengur yfir hafnargarðinn í Ólafsfirði.

**Mynd á kápubaki:**

Bræðraband í síldartunnum. Sigurgeir og Svavar Berg Magnússynir.

